


Gamla pósthúsið

Aðalstræti er vagga Reykjavíkurbæjar. Þar voru aðalbyggingar „inn-réttinganna“. Og þegar ekki þótti lengur hagkvæmt að hafa hús konungsverzlunarinnar úti í Örfirisey, voru þau flutt (1779—80) og sett niður á malarkambinum fyrir ofan Grófina, þar sem nú er Ingólfs Apótek. Upp frá því fer og byggð að myndast meðfram sjónum, vestan frá Grófinni og austur undir lækinn, þar sem nú er Hafnarstræti. En þar fyrir sunnan, milli lækjarins, tjarnarinnar og Aðalstrætis var Austurvöllur, óbyggður með öllu þangað til dómkirkjan var reist þar árið 1794.

Árið 1799 var Bjarna G. Lundberg, „sigldum“ járnsmið, heimilað að setjast að í Reykjavík og reka þar iðn sína sem járnsmiðameistari, „og taka unga sveina til náms og gefa þeim að loknu námi sveinsbréf, er heimili þeim að reka járnsmiðaiðn hvar sem þeir vilja í ríkjum og löndum Danakonungs“.

Bjarni fékk síðan lóð á austanverðum Austurvelli og byggði á þessu sama ári lítinn torfbæ, rétt austur af dómkirkjunni. Var þessi bær nefndur „Smedens Hus“, því að þá þótti finna að tala dönsku en íslenzku. En þeir, sem voru svo lítilsigldir að tala íslenzku, kölluðu bæinn Smiðsbæ og lóðina Smiðsbæjarlóð. Seinna, eða 1815, eignaðist Símon Hansen kaupmaður (einn af Bátsandabráðrum) bæinn og lóðina. Reif hann svo bæinn 5 árum síðar og byggði þarna timburhús árið 1820. Var það lengi kennt við Teit járnsmið og dýralækni Finnbogason, vegna þess að hann eignaðist það og bjó þar. Þetta hús stendur enn, og snýr gaflti að Pósthússtræti. Er það eitt með elztu húsum í bænum.

Rétt fyrir sunnan Smiðsbæinn og þó lítið eitt austar, byggði Einar nokkur Valdason sér bæjarkrili, er nefndist Kirkjuból, en seinna Lækjarlot. Stóð það lengst allra torfbæja í Miðbænum, því að það var ekki



Yst til vinstri sést hús Hallgríms Schevings.

rifið fyrr en um 1890, að Þorsteinn Tómasson eignaðist það og byggði þar smiðju.

Árið 1846 var latínuskólinn fluttur frá Bessastöðum til Reykjavíkur. Var dr. Hallgrímur Hannesson Scheving þá skipaður yfirkennari við skólann. Hallgrímur lauk fullnaðarprófi við málfræðideild kennaraskólans í Kaupmannahöfn 1807, og var settur kennari við skólann á Bessastöðum árið 1810, „en gerði síðar með frábærum kennarahæfileikum sínum garðinn frægan um fjölda ára, fyrst á Bessastöðum og síðan í Reykjavík“. Hann hlaut doktorsnafnbót við háskólann í Kaupmannahöfn haustið 1817. Þá voru þar eins og víðsvegar í löndum siðbótarmanna, mikil hátíðahöld í tilefni af 300 ára afmæli siðbótar Luthers, og við það tækifæri var hann úrskurðaður dr. phil. fyrir ritgerð um „Brutus“ Cicerós, að fenginni undanþágu frá því að koma utan til að verja ritgerð sína opinberlega.

Nú þegar Latínuskólinn fluttist til Reykjavíkur, var honum veitt yfirkennaraembættið við þann skóla, og gegndi hann því fram til 1850, en fékk þá lausn fyrir aldurssakir. Hann dó 31. des. 1861, 80 ára.

Þegar Hallgrímur kom til Reykjavíkur mun hafa verið all erfitt að fá þar sæmilegt húsnæði. Árið eftir, 1847, fékk hann sér því útmælda byggingarlóð á norðanverðri Smiðsbæjarlóðinni¹⁾ og reisti þar samsum-

1) „Á svokölluðu Thomsenstúni“ (Kl. J.).

ars íbúðarhús. Í þessu húsi bjó hann til dauðadags. En þegar hann féll frá keypti Óli Pétur Finsen húsið og settist þar að. Var húsið þá kallað Finsenshús. — Breytti hann því talsvert á sinni tíð, lét setja á það kvist og lengdi það nokkuð til norðurs.

Óli P. Finsen (sonur Ólafs yfirdómara Finsen) hafði um tíma verið verzlunarstjóri hjá W. Fischer, en rak nú póstskipaafgreiðslu og bókasölu. Hann gegndi og ýmsum trúnaðarstörfum, átti sæti í flestum þeim nefndum, sem til voru í bænum, og lét öll bæjarmál mikið til sín taka.


Árið 1865 var hann kosinn í bæjarstjórn. Þá voru 62 kjósendur á kjörskrá og af þeim greiddu 23 atkvæði og fékk hann 11 atkvæði. Árið 1869 var kjörtímabil hans út runnið, en hann var endurkosinn með 19 atkv. (Halldór Kr. Friðriksson fékk 17 atkvæði, en 71 voru á kjörskrá). Óli Finsen var tvígiftur. Fyrri kona hans var Hendrikka Andrea, dóttir Moritz Biering; hún andaðist 27. marz 1871, aðeins 28 ára að aldri. Seinni kona hans var María Þórðardóttir, háyfirdómara Jónasonar (d. 17. maí 1915). — Meðal barna þeirra er Vilhjálmur Finsen sendiherra, stofnandi Morgunblaðsins.

Árið 1872 var merkisár í sögu landsins. Þá var gerð sú breyting á umboðsstjórninni innanlands, með konunglegri tilskipun 4. maí, að stiftamtmansembættið var lagt niður, en í hans stað kom landshöfðingi. Frá sama tíma (1. apríl) voru sameinuð Suðuramtíð og Vesturamtíð og einn amtmaður settur yfir bæði, með búsetu í Reykjavík. Einnig var þá sett á stofn skrifstofustjóraembætti við landshöfðingjaembættið, og var skrifstofustjórinn jafnan nefndur landritari. Sá, sem fyrstur hlaut það embætti var Jón Johnsen lögfræðingur (sonur Álaborgar-Johnsen).

Þá var og stofnað enn eitt nýtt embætti, sem áður var alveg óþekkt hér, póstmestaraembætti, og komið á fót konunglegri póststofu í Reykjavík. Póstmeistari fyrir allt land var skipaður Óli P. Finsen, og gegndi hann því starfi til dauðadags.

Áður en þetta var, hafði verið sú skipan á póstmálum hér í Reykjavík, að allur póstur, sem hingað barst utan af landi og frá útlöndum, var afhentur skrifstofu stiftamtmanns. En hann lét skrifara sinn (um langt skeið Pétur Guðjónsson) annast afgreiðslu póstsins. Ekki var mönnum gert aðvart um, að þeir ættu þar bréf, og ekki voru þau heldur sendi heim til þeirra. En þeir, sem áttu von á bréfum, urðu sjálfir að fara til skrifstofu stiftamtmanns, þegar það fréttist, að einhver póstur hefði borist til bæjarins, og spyrjast fyrir um bréf til sín.

Með skipun póstmestara og stofnun pósthúss kom alveg ný skipun á póstmálin. En þó þekktist ekki heimsending bréfa enn um skeið.



Finsenshús — fyrsta pósthús á Íslandi.

Menn urðu sjálfir að vitja bréfa sinn á pósthúsið, en það var í norður-endanum á húsinu á Smiðsbæjarlóðinni (seinna Pósthússtræti 11).

Varð því þetta hús, sem Hallgrímur Scheving byggði, fyrsta pósthúsið á Íslandi. Upp frá því var hætt að kalla það „Finsenshús“ heldur „Pósthúsið“, og seinna, þegar póstaafgreiðslan var flutt í önnur húsa-kynni, þá gekk það undir nafninu „Gamla pósthúsið“.

Þegar það fréttist, að póstur hefði komið til bæjarins, streymdu menn að pósthúsinu til þess að vita, hvort þeir ættu þar ekki bréf eða sendingar. — Varð þarna oft hinn mesti troðningur, því að húsakynni voru lítil, og fengu margir meiðsl svo um munaði af alnbogaskotum og hryndingum.

Undir eins og fólk fór að streyma að, las einhver upphátt utanáskriftir bréfa og áttu þá viðtakendur að gefa sig fram. En menn voru þá greiðvirkir og töldu ekki eftir sér að taka líka við bréfum til vina og kunningja og koma þeim til skila. Minnst margur núlifandi maður þess, hver óp og köll voru þar þá: „Ég skal taka til hans!“ — „Ég skal taka til hennar“. — „Nei, ég skal taka það“. Og svo rifust menn um það að fá að skila bréfunum.

Menn voru alla daga að spyrja um bréf og sendingar til sín, þegar fram í sótti, svo að ekki vannst tími til að afgreiða pósta, né heldur var nægilegt húspláss til þess, fyrr en búíð var að loka að kvöldi.

Á seinustu póstmeistararárum Óla Finsen voru veittar 50 krónur á ári, eða rúmar 4 krónur á mánuði fyrir bréfaburð um bæinn. Þessa atvinnu hafði sá maður, sem Árni hét og var kallaður gáta, vegna þess að hann hafði gaman af að búa til gátur og bera upp fyrir mönnum. Hann hafði ekki hraðan á, þegar hann var að bera út bréfin, því að oft beið hann eftir kaffi og öðrum hressingum, ef honum var boðið. Kaupið var ekki mikið, og óþarfi að sprengja sig fyrir það, en með þessu móti var ekki von, að bréfin kæmst fljótt til skila.

Óli P. Finsen póstmeistari lést í Kaupmannahöfn 2. marz 1897, en lík hans var flutt heim og greftrað hér. Tók þá Hannes Ó. Magnússon við póstmeistaraembættinu um hríð, en Sigurður Briem tók við því 1. ágúst 1897. Um það leyti varð mikill vöxtur á pósti og póstsamgöngum. Þá byrjuðu strandferðabátarnir siglingar og aðrar skipaferðir jukust að mun. — Varð honum þegar ljóst, að pósthúsið var allt of lítið, og segir hann þetta til marks um það, hvernig afgreiðslan gekk:

„Seinasti Norðanpóstur, sem afgreiddur var áður en ég tók við, kom með koffortahesta sína snemma dags, daginn sem hann átti að leggja á stað, en nóttin hafði ekki enzt til að undirbúa afgreiðslu á honum. Hann mátti því biða með hesta sína allan daginn og gat loks lagt á stað um kvöldið, þegar komið var fram undir miðnætti“.

Það var því sýnilegt, að póstafrgreiðslan þurfti að fá stærra húsnæði. Fékk póstmeistari þá helzt augastað á barnaskólanum. Skóli þessi hafði verið byggður úr steini árið 1882, en var nú orðinn allt of lítill. Bæjarstjórn hafði því ráðist í að byggja Miðbæjarskólann og var hann hafður úr timbri „því að enn voru jarðskjálftarnir haustið 1896 ráðandi mönnum í bæjarstjórn í of fersku minni til þess að þeir teldi hættandi á að byggja steinhús handa skólanum“. Miðbæjarskólinn var vígður og tekinn til afnota 1. október 1898, og stóð þá gamli skólinn auður.

Þegar póstmeistari kom með tillögu um það, að ríkið keypti gamla barnaskólann til þess að gera hann að pósthúsi, vildi Alþingi leggja fram 26 þús. til kaupanna, en bærinn vildi fá 28 þús. kr. fyrir húsið. Stóð nú allt fast, þangað til póstmeistari keypti húsið sjálfur; þá féllst landshöfðingi á að láta landsjóð ganga inn í kaupin, þótt 2000 krónum munaði á kaupverði.

Þannig vildi það til, að póststofan var flutt úr „Finsenshúsi“, þar sem hún hafði verið í rúman aldarfjórðung og fékk nýjan samastað í gamla barnaskólanum, þar sem nú er lögreglustöðin.

Árið 1902 keypti Thor Jensen gamla pósthúsið. Hann rak þá verzlun í Godthaab, sem stóð á horni Pósthússtrætis og Austurstrætis, þar sem



Gamla pósthúsið, nú íbúðarhús Halls Hallssonar tannlæknis og heitir Breiðablik.

nú er Reykjavíkur Apotek. Þarna bjó Thor Jensen fram til 1908, að hann hafði reist hið mikla og fagra hús við Frikkirkjuveg og fluttist þangað. — Í gamla pósthúsinu fæddust nokkur börn hans, þar á meðal Thor Thors sendiherra, svo að tveir af núverandi sendiherrum Íslands eru fæddir í þessu húsi.

Seinna eignaðist Carl Olsen stórkaupmaður húsið og bjó þar í nokkur ár.

Í brunanum mikla í Reykjavík í apríl 1915 brann Godthaab, en það tókst að verja gamla pósthúsið.

Fram til ársins 1916 hafði Morgunblaðið haft skrifstofu sína í Ísafoldarprentsmiðju, en nú átti að stækka setjarasalinn þar og varð blaðið því að vera sér úti um annan samastað. Þá vildi svo til, að það fékk skrifstofu í gamla pósthúsinu og afgreiðslu í nokkrum hluta gömlu póststofunnar, en í útbyggingunni, þar sem póstafrgreiðslan hafði áður verið, rak Hjálmar Gudmundsen kaupmaður þá verzlun. —

Það mun hafa verið Vilhjálmi Finsen, ritstjóra Morgunblaðsins, hið mesta ánægjuefni, að blaðið fékk inni í þessu húsi. Þarna var hann fæddur og þarna hafði hann átt heima sín æsku- og þroskaár. Honum mun hafa fundist hann vera kominn heim til sín aftur, þegar hann sat við skrifborð sitt í stofu foreldra sinna. En ekki átti það fyrir Morgunblaðinu að liggja að ílendast þarna. Það fór hér eins og með póstinn

áður, að afgreiðslurúm var allt of lítið, og eftir árið varð bláðið að fara þaðan og fluttist þá í Lækjargötu 2.

Þegar farið var að tala um það, að koma upp í Reykjavík veglegu gistihúsi fyrir Alþingishátíðina, var lóðin sem gamla pósthúsið stóð á, talin ákjósanlegasti staður fyrir það. — Gamla pósthúsið var nú selt til niðurrifs og keypti Jón Kristjánsson nuddlæknir það. Var það nú rífið, en byggt upp að nýju suður í Skerjafirði, við Reykjavíkurveg. Nokkrar breytingar voru þá gerðar á því, en máttarviðir og innviðir voru í sömu skorðum og verið höfðu áður.

Þarna bjó Jón Kristjánsson fyrst, en seinna hafði Þuríður Sigurðardóttir barnaheimili þar. Síðan eignaðist Tómas Hallgrímsson banka- maður húsið, og seldi það Halli Hallssyni tannlækni árið 1941.

Þegar Hallur hafði búið þarna í tvo mánuði, krafðist hernámsliðið þess, að húsið yrði rífið eða flutt burtu. Það varð að víkja fyrir flug- vellinum. Voru nú mikil vandkvæði á því að fá nýja lóð undir það svona fyrirvaralítið, en fyrir tilviljun tókst Halli að ná kaupum á lóð norðvestan í Laugarásnum. Þetta land var ekki annað en stórgrýtt urð og hreint ekki vistlegt að setjast þar að. En sá kostur fylgdi þó, að þarna var nóg landrými og staðhættir þannig, að húsið hlaut að njóta sín mjög vel.

Bretar rifu nú húsið og fluttu það inn í Laugarásinn og reistu það þar að nýju alveg eins og það hafði verið í Skerjafirðinum, nema hvað hækkað var undir loft á stofuhæð með því að setja þykk tré undir stafi. Seinna var svo byggt forskyggni við útidyr og hliðarálma á bak við það. Þá var húsinu og gefið nýtt nafn og heitir það nú Breiðablik.

Þarna stendur nú gamla pósthúsið, sem reist var á Austurvelli fyrir réttum hundrað árum. Það hefur tekið allmiklum breytingum á sinni löngu ævi, en grindin er sú sama og á útlitinu má enn þekkja það af svipnum, sem það hafði meðan það stóð í Miðbænum, þar sem Hótel Borg er nú. Að vísu er „skífu“-þakið farið af því og járn komið í stað- inn. Að vísu eru gluggar breyttir og það hefur fengið brynju úr skelja- sandsteypu. Að vísu er komið á það forskyggni, kjallari undir því, bak- hliðin talsvert breytt og „parket“-gólf komin í það. En samt er það gamla pósthúsið, með bitum í stofuloftum og þeim undarlega hlýleik, sem einkenni gömlu timburhúsin.

Það stendur nú hátt og sómir sér vel. Þaðan sér yfir allan Laugardal- inn, Kirkjusandsbyggðina og mikinn hluta Reykjavíkur. Hið grýtta um- hverfi er orðið að undurfögurum skemmtigarði, þar sem grjótið hefur

verið byrgt í skemmtilegum hólum, en ljómandi fallegur og margbreyttur trjágróður, skrautblóm og grænar flatir komið í stað hinnar grettu urð- ar, sem áður var. Það er í sjálfu sér kraftaverk, hvemig tekist hefur á fáum árum að breyta stórgrýtisurð í slíkan unaðsreit. Það sýnir, að þótt íslensk náttúra sé kenjafull og stírfín, þá getur mikið áunnist, ef manns- höndin vill leggja henni lið.

Þarna fer vel um gamla pósthúsið, og þarna fær það vonandi að standa um marga áratugi. Bjarkir, reynir, víðir og lævirkjatré hækka umhverfis það á hverju ári og veita því skjól, en inn um gömlu stofurnar berst lauf- angan og blómailmur.

(1947).